

Velferðarnefnd Alþingis  
Smiðja við Tjarnargötu 9  
101 Reykjavík

Reykjavík, 21. mars 2024

**Umsögn ÖBÍ – réttindasamtaka um neyðargeðheilbrigðisteymi og fræðslu viðbragsaðila, mál 222.**


ÖBÍ tekur heilshugar undir með flytjendum tillögu til þingsályktunar um neyðargeðheilbrigðisteymi og fræðslu viðbragsaðila, enda löngu orðið ljóst að hér þurfi að bæta um.

Eins og rannsóknir sýna getur snemmtæk íhlutun teymis heilbrigðisstarfsmanna, í þeim tilvikum þar sem grunur leikur á að einstaklingur eða einstaklingar á vettvangi með geðrænan vanda og eða vímuefnavanda, reynst lykilatriði hvað velferð einstaklingsins varðar. Um leið er nauðsynlegt að veita starfsmönnum neyðarlínu og lögreglu viðhlítandi fræðslu.

Einsýnt þykir að breyting í þessa átt muni tryggja bæði öryggi notenda og lögreglumanna. Jafnframt mun þetta til lengri tíma litið lækka kostnað, hvort heldur hagrænan eða heilsufarslegan, fyrir einstaklinginn sem og samfélagið í heild.

Ekkert um okkur án okkar!

Virðingarfyllst,

  
Alma Ýr Ingólfssdóttir  
formaður ÖBÍ – réttindasamtaka

Vilhjálmur Hjálmarsson  
formaður heilbrigðishóps ÖBÍ – réttindasamtaka